

14. febrúar 2017

4. fundur stjórnar Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi.

Formaður setti fund og bauð Berglindi skólastjóra velkomna.

Laufey ritaði fundargerð.

Berglind var með tvö mál sem hún kynnti fyrir stjórn.

1. Gangan á öskudaginn, Gunnar Svanlaugsson hefur séð um hana. Berglind ætlar ekki að taka þetta að sér. Má athuga með að tala við Gunnar, vitað er að hann er heima.
2. Bekkirnir/árgangarnir eiga bankabækur. Samkvæmt stöðuyfirliti eru til bækur árganga sem eru útskrifaðir. Tillaga um að klárað sé af reikningunum. Til dæmis ef verulegar fjárhæðir eru í lok skólagöngu þá er mælt til þess að klára peningana með einhverjum hætti annars sér skólastjóri um að loka reikningum og peningar settir í einhverja sjóði í skólanum. Búa þarf til reglur þess efnis.

Berglind vék síðan af fundi.

Annar fulltrúi bekkjarins er alltaf prókúruhafi reiknings árgangsins. Stjórn þarf að ganga í það á fyrsta fundi að hausti að yfirfæra prókúru.

Ákveðið að veita styrk kr. 3.000/barn sem fer í ferðir í 5. og 7. bekk, foreldrafélagið styrkir vegna þessara ferða.

Öskudagur:

Leita eftir því að Gunnar Svanlaugsson taki að sér gönguna. Tala við Haffa með að tromma í göngunni. Gönguleið á öskudaginn, tala þarf við fyrirtæki (skiptu stjórnarmenn með sér þeim verkum), auglýsa í Stykksihólmspóstinum eftir fleiri fyrirtækjum. Búið er að bóka íþróttahúsið frá kl. 16:00-17:30. Athuga þarf með vilja eldri bekkja fyrir íþróttahúsi, sundi eða diskó um kvöldið í tónlistarskólanum. Sækja þarf um styrki, bland í poka þegar farið er út úr íþróttahúsinu. Aðgangur er 500 kr/barn og aldrei meira en 1.000 kr/heimili í íþróttahúsið þar sem er þrautarbraut. Búa þarf til auglýsingu. Þrautarbraut í íþróttahúsi sem 10. bekkur og íþróttakennarar setja upp, tala við þá. Leita eftir því hvort Anna eða Summi vilji taka myndir á öskudaginn. Foreldrar yngri barna eru á gæslu í íþróttahúsinu og foreldrar eldri barna eru á gæslu með eldri börnum.

Tillaga um meðhöndlun peninga að lokinni útskrift:

Mánuð eftir útskrift 10. bekkjar er fjármunum dreift yfir alla bekkina eftir fjölda barna í 1.-9. bekk. Fyrsta verk nýrrar stjórnar er að skipta um prókúruhafa á reikningum hvers árgangs og stofna nýjan reikning fyrir nýjan 1. bekk.

Upp kom sú spurning að foreldrafélagið sjái um jólasveina í Hólmgarði? Verði tekið til umræðu á næsta fundi.

Næsti fundur ákveðinn 27. febrúar kl. 20:30.

Fleira ekki rætt

Fundargerð lesin og samþykkt.

Formaður sleit fundi.

Mæting:

Laufey Bjarnadóttir	2. Bekkur
Haukur Garðarsson	1. Bekkur
Sigurður A. Þórarinsson	9. Bekkur
Kristín S. Hannesdóttir	7. Bekkur
Hrefna Frímansdóttir	8. Bekkur
Magnús A. Sigurðsson	5. Bekkur
Dominika Kulinska	6. Bekkur
Svava Pétursdóttir	3. Bekkur
Nadine Walter	4. Bekkur
S. María Þórsdóttir	10. Bekkur
Una Særún Karlsdóttir	10. Bekkur
Lára B. Björgvinsdóttir	3. Bekkur